

1974 nr. 36 2. maí

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Mývatns- og Laxárvæðisins í Suður-Pingeyjarsýslu.

■ **2. gr.** Ákvæði laganna taka til Skútustaðahrepps og Laxár með hólmum og kvíslum allt að ósi árinnar við Skjálfanda, ásamt 200 metra breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

■ **3. gr.** Á landssvæði því, er um getur í 2. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi [Náttúruverndar ríkisins]¹⁾ komi til.

□ Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennslistraumvatna eru einnig óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi [Náttúruverndar ríkisins].¹⁾

□ Heimilar skulu þó framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, nema spjöllum valdi á náttúruverðmætum að dómi [Náttúruverndar ríkisins].¹⁾

□ [Þá eru heimilar án sérstaks leyfis Náttúruverndar ríkisins byggingar samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.]¹⁾

¹⁾ L. 93/1996, 41. gr.

■ **4. gr.** Reisa skal og reka náttúrurannsóknastöð við Mývatn. [Umhverfisráðherra skipar stjórn stöðvarinnar samkvæmt tilnefningum Náttúrufræðistofnunar Íslands, raunvísindadeildar Háskóla Íslands, hreppsnefndar Skútustaðahrepps, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og Náttúruverndar ríkisins og skal fulltrúi hennar vera formaður stjórnar.]¹⁾

□ Stjórn stöðvarinnar sér um framkvæmdir og rekstur. Hún er stjórnvöldum til ráðuneytis um allt það, er lýtur að fram-

kvæmd laga þessara. Í reglugerð²⁾ er [umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar náttúrurannsóknastöðvarinnar],¹⁾ skal nánar kveðið á um starfshætti stjórnarinnar og starfsemi stöðvarinnar, m.a. um samstarf við heimamenn og aðstöðu til námskeiðahalds fyrir háskólanema í náttúrufræðum.

¹⁾ L. 93/1996, 41. gr. ²⁾ Rg. 136/1978, sbr. 522/2000.

■ **5. gr.** [Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins],¹⁾ reglugerð²⁾ um varnir gegn hvers konar mengun svæðis þess, er lögini taka til, og skal þar m.a. kveðið á um sérstakar mengunarvarnir Kísiliðjunnar við Mývatn. Í reglugerðinni skal enn fremur kveðið á um verndun líffrkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess, svo sem um takmörkun á aðgangi ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu.

¹⁾ L. 93/1996, 41. gr. ²⁾ Rg. 136/1978, sbr. 522/2000.

■ **6. gr.** [Náttúruverndar ríkisins]¹⁾ getur, að fengnum tillögum stjórnar rannsóknastöðvarinnar ráðið starfsmann til eftirlits með framkvæmd laga þessara og reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim.

¹⁾ L. 93/1996, 41. gr.

■ **7. gr.** Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

■ **8. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða [fangelsi allt að 2 árum].¹⁾ Sektir renni í ríkissjóð.

□ Beita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allt að [10.000 krónum],²⁾ til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, eða láta af atferli, sem er ólögmætt.

¹⁾ L. 82/1998, 165. gr. ²⁾ L. 116/1990, 37. gr.

■ **9. gr.** Að öðru leyti fer um verndun Laxár- og Mývatnsvæðisins eftir reglum í lögum um náttúruvernd.